

FUNDARBOÐ

til hluthafafundar Solid Clouds hf. þann 14. febrúar 2024

Stjórn Solid Clouds hf. boðar til hluthafafundar miðvikudaginn, 14. febrúar 2024 kl. 16:00 á skrifstofu félagsins að Eiðistorgi 17, 170 Seltjarnarnesi. Til hluthafafundar er boðað með viku fyrirvara í samræmi við ákvæði 1. mgr. 13. gr. samþykka félags, sbr. 1. mgr. 88. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Dagskrá fundarins er með eftirfarandi hætti:

1. Setning fundar

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

3. Tillögur um heimild til hlutfjárhækkana og áskriftarréttinda, auk samsvarandi breytinga á samþykktum félagsins

- Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til hækkunar hlutfjár félagsins, um allt að 110.000.000 hluti að nafnvirði á genginu 2, og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 4. mgr. 4. gr. samþykka félagsins. Lagt er til að hluthafar falli frá forgangsrétti að hinu nýja hlutafé á grundvelli hækkunar.
- Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til hækkunar hlutfjár félagsins, um allt að 90.000.000 hluti að nafnvirði á genginu 2, til viðbótar tillögu um hækkun undir lið a) og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 5. mgr. 4. gr. samþykka félagsins. Hluthafar skulu njóta forgangs að nýjum hlutum og efnt verður til forgangsréttarútboðs til hluthafa til að safna áskriftum að hinum nýju hlutum, en einnig verða hinir nýju hlutir boðnir í almennu útboði sem haldið verður samhliða forgangsréttarútboðinu, og er lagt til að stjórn verði veitt heimild til sölu hluta í samræmi við fengin áskriftarloforð.
- Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur veiti stjórn félagsins heimild til i) hækkunar hlutfjár félagsins og ii) útgáfu áskriftarréttinda, um allt að 300.000.000 hluti að nafnvirði, og á grundvelli samþykktar hluthafafundar verði hún færð sem 6. mgr. 4. gr. samþykka félagsins. Hluthafar skulu njóta forgangs að nýjum hlutum eða áskriftarréttindum, og efnt verður til forgangsréttarútboðs til hluthafa til að safna áskriftum að nýjum hlutum og áskriftarréttindum, en einnig verða nýir hlutir og áskriftarréttindi boðin í almennu útboði sem haldið verður samhliða forgangsréttarútboðinu, og er lagt til að stjórn verði veitt heimild til sölu í samræmi við fengin áskriftarloforð.
- Stjórn félagsins leggur til við hluthafafund Solid Clouds hf. sem haldinn er þann 14. febrúar 2024 að hluthafafundur samþykki viðbót við 3. mgr. 4. gr. samþykka félagsins sem veitir stjórn félagsins heimild til hækkunar hlutfjár félagsins, um allt að 9.187.500 hluti að nafnvirði, til efnda samnings félagsins við ráðgjafa.

4. Önnur mál sem eru löglega borin fram

- Önnur mál verða rædd ef hafa verið borin fram með lögætum hætti í samræmi við samþykktir félagsins.

Gögn vegna fundarins, þ.m.t. dagskrá, tillögur og greinargerð, verða aðgengileg á vefsetri félagsins, <https://www.solidclouds.com/investors/egm2024>.

Reykjavík, 6. febrúar 2024

Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við Stefán Þór Björnsson, stefanbjo@solidclouds.com